



Fjallskilanevnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

43. fundur fjallskilanevndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, mánudaginn 19. ágúst 2024 kl. 19.⁰⁰ e.h.

Fundinn sátu:

Bergur Guðmundsson, formaður

Antonía Helga Guðmundsdóttir

Ragnheiður Eggertsdóttir

Jakob Guðnason

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Bergur Guðmundsson

1. Fjallseðill

Farið yfir fjallseðla fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp árið 2024 og starfsmanni nefndarinnar falið að klára uppsetningu á þeim.

2. Klausturhólarétt

Fjallskilanevnd leggur til að sveitafélagið geri ráð fyrir fjármagni á næsta ári til að gera við Klausturhólarétt að hluta en rífa restina þar sem af henni stafi hætta vegna lélegs ástands.

Fjallskilanevnd leggur til að inngangsdilkurinn auk tveggja kofa sem í honum eru og dilkarnir sitt hvoru megin við inngangsdilkinn verði lagaðir en restin rifinn.

3. Undibúningur fjallferða

Starfsmanni nefndarinnar falið að yfirfara réttir, girðingar og skála sem nýttir eru til fjallferða og sjá til þess að ástand þeirra sé í lagi.

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 21:00